

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

23. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2015, þriðjudaginn 15. des. kl.10:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Salvar Baldursson, Guðbjörg Bergmundsdóttir og Pétur G. Markan, sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 10:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Oddviti óskar eftir að taka inn nýjan dagskrálið, aðalfundarboð Iceland SeaAngling. Samþykkt að taka málið fyrir í fjórða lið.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

- 1. Gjaldskrár 2016 – seinni umræða.**
- 2. Álagning 2016 – seinni umræða.**
- 3. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna 2016 – seinni umræða.**

1.
Gjaldskrá Súðavíkurhrepps og stofnanna lögð fram fyrir árið 2016.

Samþykkt samhljóða.

2.

Álagningarreglur Súðavíkurhrepps fyrir árið 2016 lagðar fram.

Nýjar álagningarreglur má finna á heimasíðu Súðavíkurhrepps.

Útsvarsprósenta Súðavíkurhrepps fyrir árið 2016 verður 14,48%

Samþykkt samhljóða.

3.

Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2016 og þriggja ára áætlun lögð fram.

Gert er ráð fyrir því að heildartekjur, A. og B. hluta verði um 279,228 millj.kr. og heildarútgjöld verði um 248,511 millj.kr.

Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur eru áætlaðar um 3.5 millj.kr og afskriftir A og B hluta eru áætlaðar um 13.1 millj.kr.

Framlegð af rekstri, fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld eru 30.717 millj

Rekstrarniðurstaða A og B hluta er því áætluð jákvæð um 14.287 millj.kr. að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda.

Skuldbindingar samstæðu Súðavíkurhrepps eru áætlaðar í árslok 2015 um 69.3 millj.kr.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins er því áætlað **34,6%**.

Skv. sveitarstjórnarlögum þarf hlutfallið að vera undir 150%.

Áætlaðar eru framkvæmdir fyrir 8 milljónur á árinu.

Fjárhagsáætlun fyrir Súðavíkurhrepp árið 2016 samþykkt.

Einnig er lögð fram fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir næstu þrjú ár.

Þriggja ára áætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna samþykkt.

4.

Aðalfundarboð Iceland SeaAngling tekið fyrir.

Sveitarstjóra falið umboð sveitarfélagsins til að fara á fundinn.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:10

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Salvar Baldursson

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

